

Fimmtudaginn 21. maí 1992.

Nr. 270/1990. **Fiskanes hf.**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

**Erlingi Sæmundssyni**

(Hjalte Steinþórsson hrl.).

Sjómenn. Laun í veikindaförföllum. Lögskýring.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1990. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Ágreiningur málsaðila lýtur eingöngu að túlkun á 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Stefndi veiktist, er hann var í launalausú leyfi í ágúst 1988, og var af lækni talinn óvinnufær í 3 mánuði, þ.e. frá 12. ágúst til 15. nóvember 1988. Hinn 1. september skyldi hann koma til starfa á ný, en gat það ekki vegna veikinda sinna. Samkvæmt skýru orðalagi 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 átti hann eigi að missa neins í af launum sínum, meðan hann var óvinnufær, þó ekki lengur en tvo mánuði. Í sama lagaákvæði er skýrt tekið fram, að skipverji skuli taka laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju, hafi hann verið í launalausú leyfi, þegar veikindin hófust, eins og hér stóð á. Stefndi átti eigi að fá greidd laun í veikindum sínum fyrr en þann dag, er hann hæfi störf, 1. september. Frá þeim degi var hann óvinnufær í meira en tvo mánuði, en átti rétt til launa í tvo mánuði, þ.e. til 31. október.

Samkvæmt því og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Fiskaness hf., greiði stefnda, Erlingi Sæmunds-  
sýni, 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

### Dómur bæjarþings Grindavíkur 21. maí 1990.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 18. þ.m., höfðaði Erlingur Sæmundsson, kt. 281161-0119, Sambyggð 2, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri 9. nóvember 1989 fyrir Willard Fiske Ólasyni, stjórnarformanni Fiskaness hf., f.h. félagsins til greiðslu skuldar, að fjárhæð 133.856 kr., ásamt árlegum dráttarvöxtum skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1988 til greiðsludags og þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. nóvember 1989, sbr. 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, sem beri vexti skv. 10. grein laga nr. 25/1987, frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, og þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta, sbr. 12. grein vaxtalaga. Þá hefur stefnandi fallið frá kröfu um sölu-skatt af málskostnaði og þess í stað með samþykki varnaraðila breytt þeirri kröfu í kröfu um 24,5% virðisaukaskatt af málskostnaði.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Enginn tölulegur ágreiningur er um fjárhæð dómkröfunnar sem slíkrar, auk þess sem aðilar eru sammála um málavexti, sem eru raktir í stefnu og eru eftirfarandi: „Stefnandi var ráðinn frá 1. nóv. 1987 yfirvélstjóri á Skúm, GK-22, sem stefndi á og gerir út. Stefnandi var í launalaus leyfi í ágúst til 1. sept. 1988, en varð veikur 12. ágúst 1988 og taldist óvinnufær af þeim sökum til 15. nóv. 1988 skv. læknisvottorði frá Helga Hauksyni, lækni á Heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn. Stefnandi fékk greidd laun í veikindaforföllum frá 1. sept. 1988 til 14. okt. 1988, en stefndi hafnaði frekari launagreiðslum á þeirri forsendu, að launaréttur í veikindaforföllum hefjist við óvinnufærna, þ.e. 12. ágúst 1988.”

Stefnandi rökstyður dómkröfu sína með því að vísa til 36. greinar laga nr. 35/1985, en samkvæmt henni eigi skipverji rétt til fullra launa í veikindaforföllum í tvo mánuði, og bendir sérstaklega á, að í greininni segi, að sé skipverji í launalaus leyfi, er hann veikist, taki hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju, og beri því að miða rétt stefn-

anda til launa í veikindaförföllum við, að hann hefjist 1. september 1988.

Stefndi heldur því á hinn bóginn fram, að telja beri þann tíma, sem réttur til forfallakaups nær til, vera frá þeim degi, er stefnandi varð óvinnufær samkvæmt læknisvottorði, og þar sem hann hafi verið í launalausum leyfi hluta þess tíma, skerðist réttur hans eftir því, hversu mikið er eftir af fríi hans á hverjum tíma. Telur stefnandi þessa túlkun á 36. grein laga 35/1985 vera hina réttu, en aðferð stefnanda hins vegar ranga. Samkvæmt þessu telur stefndi, að sýkna beri sig af öllum kröfum stefnanda, þar sem hann hafi þegar fengið greitt það forfallakaup, sem honum bar.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Í máli þessu greinir aðila einungis á um túlkun 36. greinar laga nr. 35/1985, þ.e., hvernig skuli skilja orðalagið: „þó ekki lengur en tvo mánuði“, standi þannig á, að skipverji verði óvinnufær, meðan hann er í launalausum leyfi, eða með öðrum orðum, hvort þessir tveir mánuðir byrji að líða, jafnskjótt og hann verður óvinnufær, eða hvort þeir byrji að líða, er skipverji skyldi hefja störf að nýju.

Eins og fram er komið í máli þessu, hefur stefnandi ekki gert neina kröfu um það, að sér væru greidd laun fyrir þann tíma, er hann var veikur og í launalausum fríi. Telur dómari, að veikindi stefnanda á þeim tíma séu stefnda í máli þessu óviðkomandi, a.m.k. eigi hann ekki að hagnast á þeim fjárhagslega. Verður að telja, að tilgangur 36. gr. sé að tryggja skipverja óskert laun í tvo mánuði, og sé þá átt við tvo mánuði, er hann þægi ella laun, væri hann ekki veikur, en alls ekki, meðan launalaust leyfi varir, en með þeirri túlkun er girt fyrir, að unnt sé að hafa fjárhagslegan ábata af veikindunum, hvor aðila sem í hlut á. Telur dómarrinn, að hafi vilji lög-gjafans verið sá, að útgerðarmaður nyti með þessum hætti fjárhagslegs ávinnings af veikindum skipverja, hlyti slíkur vilji að koma skýrt fram í orðalagi áður nefndrar 36. greinar laga 35/1985.

Samkvæmt þessu er fallist á allar dómkröfur stefnanda í málinu.

Stefnandi hefur lagt fram málskostnaðarreikning, sem hefur ekki sætt neinum athugasemdum af hálfu stefnda, að fjárhæð 93.527 kr., að meðtöldum 24,5% virðisaukaskatti. Þykir rétt að fallast á málskostnaðarkröfu óbreytta.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Fiskaness hf., greiði stefnanda, Erlingi Sæmundssyni, 133.856 kr. auk dráttarvaxta samkvæmt 10. grein vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. nóvember 1988 til greiðsludags. Dráttarvexti má leggja

við höfuðstól dómkröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. nóvember 1989.

Stefndi greiði auk þess stefnanda 93.527 kr. í málskostnað.

Aðfararfrestur er fimmtán dagar frá lögbirtingu.

---